

Nemendaráðsfundur

Miðvikudaginn 22. mars

Allir mættir nema Bartek sem er veikur

Fundinn ritaði Svava.

## 1. Skólapeysurnar

Úlfur Elí hefur fengið pabba sinn til að hann lógó á skólapeysurnar. Hann er með þrjár tillögur/útfærslur að mynd af gamla skóla til að setja á peysurnar. Úlfur sýnir nemendaráði tillögurnar þrjár. Allir sammála um að þriðja tillagan sé best. Að það komi til með að standa Seyðisfjarðarskóli á vinstra megin á brjóstkassa og að lógóið verði stórt aftan á baki. Ákveðið að Svava hafi samband við peysufyrirtækið og fái sendar prufur til að máta og semji um prentun á peysurnar.

Litir sem nemendaráð leggur til að verði í boði eru hvít, dökkblá (navy blue), svört, rauð (heather red) og heather green.

## 2. Skólaráð

- a. Heimir og Úlfur fara yfir það sem þeim fannst markvert frá skólaráðsfundi
  - i. Fulltrúi skólans Sofija varð í 3. Sæti á Héraðshátíð Stóru upplestrarkeppninnar.
  - ii. Skíðadagurinn var ræddur – nemendaráði fannst fínt.
  - iii. Skólaskemmtun verður 28. mars.
  - iv. Páskafríið – það er stutt í það og nemendaráð er spennt.
  - v. Danskur farkennari – Heimir og Úlfur segja ráðinu frá fyrirkomulaginu. Það er að koma kona sem ætlar að vera hér í viku og láta alla vinna dönskuverkefni.

## 3. Önnur mál

- a. Ýmislegt áhugavert rætt, svo sem skólamötuneytið og að nemendaráði finnst að það eigi allir að fá að vera inni á skónum þar vegna þess að gólfín eru misjafnlega hrein.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:51.